

66. kirkjuþing 2025-2026

2. mál – þskj. 2a

T I L L A G A

til þingsályktunar um um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2025.

Flm: Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, **Birgir Gunnarsson**, Einar Már Sigurðarson, Rúnar Vilhjálmsson og Þuríður Björg W. Árnadóttir.

Kirkjuþing 2025 - 2026 samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2026.

Greinargerð.

Vinna við fjárhagsáætlun hófst í byrjun september en helstu tekjuforsendur lágu fyrir við framlagningu fjárlagafrumvarps á Alþingi um miðjan september.

Niðurstaða áætlunarinnar gerir ráð fyrir hallalausum rekstri á næsta ári en algjör viðsnúningur hefur orðið í rekstri Þjóðkirkjunnar á s.l. árum. Ekki einungis hefur tekist að stöðva hallarekstur heldur hefur handbært fé aukist umtalsvert. Fjárhagslegur styrkur Þjóðkirkjunnar er því allt annar og betri en hann var.

Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá yfirstandandi ári að mestu leyti. Áður hefur verið bent á mikilvægi þess að sett verði í gang vinna við að endurskoða skipulag þeirrar þjónustu sem Þjóðkirkjan veitir í landinu og hvernig henni verður best fyrir komið til framtíðar lítið. Biskupafundur er með þessa vinnu í gangi og er vonast eftir niðurstöðum á kirkjuþingi n.k. vor. Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar rúmlega 4,9 milljarðar þ.a. er gagngjald ríkisins skv. fjárlagafrumvarpi 4,7 milljarðar og hækkar um 5,6% milli ára. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af kjarasamningsbundnum hækkunum launa og almennri verðlagsþróun.

Gjaldamegin er launakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn en samtals eru laun og launatengd gjöld áætluð tæplega 3,7 milljarðar eða sem nemur 74% af heildartekjum. Áætlunin gerir ráð fyrir að viðhaldskostnaður fasteigna verði tæplega 150 milljónir. Gera má ráð fyrir að viðhaldspörf á húsnæði í eigu Þjóðkirkjunnar sé á bilinu 600 til 800 milljónir. Talsvert hefur verið selt af húsnæði í eigu Þjóðkirkjunnar á undanförnum árum og er gert ráð fyrir að halda því verkefni áfram í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings.

Varasjóður Þjóðkirkjunnar hefur eflst til muna á undanförnum árum en sá árangur er tilkomin vegna betri rekstrar, sölu á eignum og vaxtatekjum. Þannig var handbært fé um síðustu áramót ríflega 1.600 milljónir en starfsreglur gera ráð fyrir að varasjóður nemi 25% af gagngjaldi ríkisins en sú upphæð nemur rúmlega 1.100 milljónum. Ákveðið hefur verið að nýta vaxtatekjur ársins 2025 í viðhald eigna á árinu 2026 en gera má ráð fyrir að vaxtatekjur ársins 2025 verði rúmlega 100 milljónir. Heildarframlag til viðhalds verður því um 250 milljónir á næsta ári. Þessi ráðstöfun hefur verið kynnt fyrir stjórn Þjóðkirkjunnar.

Í áætlanagerðinn voru allir útgjaldaliðir rýndir með það að markmiði að ná fram hagræðingu og ljóst að ekki verður lengra gengið m.v. núverandi skipulag á starfseminni.

Áætlunin gerir ráð fyrir að 10% af gagngjaldi ríkisins renni í Jöfnunarsjóð eða 471,6 milljónir og 2,4% í Kristnisjóð eða 111,9 milljónir. Heildarframlag í Jöfnunar- og Kristnisjóð nemur því 583,5 milljónum á næsta ári.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að áætlanagerðinni fyrir faglega og góða vinnu en algjör einhugur var um að ná viðundandi niðurstöðu í rekstrinum. Til að það takist þurfa allir að leggjast á árarnar og mikilvægt að hafa í huga að þetta er áætlun sem þýðir ekki endilega að allt sem áætlað er fyrir nái fram að ganga. Mikilvægt er að vakta reksturinn frá mánuði til mánaðar og bregðast við ef eitthvað er að fara úrskeiðis.

Birgir Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar